

Fimmtudaginn 17. desember 1998.

Nr. 476/1998.

Ikan ehf.

(Pétur Einarsson hdl.)

gegn

Friðriku Árnadóttur og

Vigni Árnasyni

(Árni Pálsson hrl.)

Kærumál: Þinglýsing. Kæruheimild. Frávísun máls frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 3. desember 1998, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 8. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Norðurlands eystra 30. nóvember 1998, þar sem tekin var til greina sú krafa varnaraðila, að þeim yrði heimilað að þinglýsa á vélbátinn Hansa, EA 61, stefnu í máli þeirra á hendur sóknaraðila og Báru Elíasdóttur. Um kæruheimild vísar sóknaraðili til 5. mgr. 3. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978 svo og XXIV. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Hann krefst þess, að „lagt verði fyrir héraðsdómarann að hafna kröfu Friðriku Árnadóttur og Vignis Árnasonar með frávísun“, svo og, að sér verði dæmdur kærumálskostnaður.

Varnaraðilar krefjast þess aðallega, að málinu verði vísað frá Hæstarétti, en til vara, að úrskurður héraðsdómara verði staðfestur að öðru leyti en því, að sóknaraðili verði dæmdur til að greiða málskostnað. Þá krefjast varnaraðilar kærumálskostnaðar.

Heimild til kæru í máli þessu verður ekki reist á 5. mgr. 3. gr. þinglýsingalaga, svo sem þeim var breytt með 1. gr. laga nr. 6/1992, enda er þar aðeins mælt fyrir um heimild til að skjóta til Hæstaréttar úrskurði héraðsdómara í máli, sem er rekið eftir öðrum ákvæðum sömu greinar um úrlausn sýslumanns um þinglýsingu. Samkvæmt 1. mgr. 28. gr. þinglýsingalaga, eins og henni var breytt með 161. gr. laga nr. 91/1991, má kæra til Hæstaréttar úrskurð héraðsdómara, þar sem hafnað er kröfu um heimild til að þinglýsa stefnu. Af því leiðir með gagnályktun, að úrskurði um gagnstæð

málalok verður ekki skotið til réttarins eftir því ákvæði. Stoð fyrir kæruheimild í málinu verður ekki fundin í 143. gr. laga nr. 91/1991 eða öðrum ákvæðum XXIV. kafla sömu laga. Samkvæmt þessu brestur heimild til kæru í máli þessu. Verður því vísað frá Hæstarétti.

Sóknaraðili verður dæmdur til að greiða varnaraðilum kærumálskostnað, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð :

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Sóknaraðili, Ikan ehf., greiði varnaraðilum, Friðriku Árnadóttur og Vigni Árnasyni, hvoru fyrir sig, 25.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Norðurlands eystra 30. nóvember 1998.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 26. þ. m., er til komið vegna kröfu Árna Pálssonar hrl. f. h. Friðriku Árnadóttur og Vignis Árnasonar, dags. 19. þ. m., þar sem krafist er, að úrskurðað verði, að stefnu eða útdrætti úr stefnu í einkamáli, er þau hafa höfðað þann dag gegn Ikan ehf. og Báru Elíasdóttur til riftunar á afsali, sem gefið var út til Ikans ehf. 15. október 1997 fyrir o.v.b. Hansa, EA-61, verði þinglýst sem kvöð á o.v.b. Hansa, EA-61, með vísan til 1. mgr. 28. gr. laga nr. 39/1978.

Pétur Einarsson hdl., lögmaður Ikans, krefst, að máli þessu verði vísað frá dómi, með vísan til 40. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978, sbr. 28. gr. s. l., þar sem samkvæmt mælibréfi á dskj. nr. 3 sé báturinn 3,88 brúttórúmlestir og falli því ekki undir ákvæði þinglýsingalaga.

Þessu mótmælir lögmaður Friðriku og Vignis Árnasonar og bendir á 43. gr. þinglýsingalaga, sbr. VI. kafla þeirra laga.

Báðir krefjast málskostnaðar.

Álit dómsins.

Samkvæmt 3. mgr. 43. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978, sbr. 3. gr. laga nr. 63/1988, segir, að hvers konar eignarhafti á skrásettu, skráningarskyldu skipi skuli þinglýsa, til þess að það hafi gildi gagnvart þeim, sem í grandleysi gera samning við eigendur þess, og gagnvart skuldheimtumönnum.

Samkvæmt 46. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978 segir, að ákvæði IV. kafla þinglýsingalaga gildi um VI. kafla þeirra laga, þ. e. a. s. um þinglýsingu um skráningarskyld skip minni en 5 rúmlestir og þ. á m. eftir því, sem við eigi ákvæði 27. og 28. gr. laganna.

Enda þótt 1. mgr. 28. gr. laga nr. 39/1978 fjalli um mál, er varða réttindi yfir fasteign, gildir ákvæðið samkvæmt beinu ákvæði 46. gr. laganna eftir því, sem við á um skrásett, skráningarskyld skip minni en 5 rúmlestir.

Samkvæmt því er frávísunarkröfunni hrundið, og er fallist á þau sjónarmið sóknaraðila, stefnenda í riftunarmálinu um o.v.b. Hansa, EA-61, með vísan til 1. mgr. 28. gr. laga nr. 39/1978, sbr. 46. gr. sömu laga, að þeir hafi lögvarða hagsmuni af því að fá stefnu eða útdrætti úr stefnu þinglýst sem kvöð á bátinn, sbr. 3. mgr. 43. gr. sömu laga, sbr. 3. gr. laga nr. 63/1988.

Málskostnaður fellur niður.

Úrskurð þennan kvað upp Ásgeir Pétur Ásgeirsson héraðsdómari.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Tekin er til greina krafa Friðriku Árnadóttur og Vignis Árnasonar um, að heimilt sé að þinglýsa stefnu eða útdrætti úr stefnu á o.v.b. Hansa, EA-61, í riftunarmáli, er þau hafa höfðað gegn Ikan ehf. og Báru Elíasdóttur í máli, er þau hafa þingfest 19. nóvember 1998.

Málskostnaður fellur niður.
